

Alþingi  
Erindi nr. P 136/602  
komudagur 18.12.2008

## Umsögn frá samgöngunefnd

Samgöngunefnd hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um III. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Með þessum breytingum er sveitarfélögum heimilað að hækka útsvar um 0,25 prósentustig eða úr 13,03% í 13,28%. Staða sveitarfélaga er misjöfn en telja verður líklegt að meiri hluti þeirra nýti sér þessa nýju heimild. Sveitarfélög ákveða fyrir 31. desember 2008 hver verður álagningarprósenta útsvars árið 2009. Áætlað er að þessi hækkun geti skilað sveitarfélögum allt að 2 milljörðum kr. í útsvarstekjur miðað við það að öll sveitarfélög landsins fullnýti heimildina. Með 4. gr frumvarpsins er sveitarfélögum sem nú þegar hafa tekið ákvörðun um útsvar á grundvelli gildandi laga gefið svigrúm til að endurmeta þá ákvörðun með hliðsjón af frumvarpi þessu.

Nefndin telur að frumvarpið geti styrkt rekstur sveitarfélaganna á næstu árum, að óbreyttu hefðu mörg sveitarfélög orðið fyrir mikilli tekjulækkun vegna hinna miklu umskipta sem orðið hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er brýnt verkefni að tryggja afkomu sveitarfélaganna til framtíðar.

Nefndin vekur athygli á að aðgerðir þessar eru liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið.

Árni Þór Sigurðsson gerir fyrirvara varðandi 8. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að aukaframlagi í Jöfnunasjóð sveitarfélaga og skuldbindingum ríkisins til greiðslu fasteignagjalda sé mætt með 0,25 prósentustiga hækkun á tekjuskatti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. desember 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,  
form.,  
Ólöf Nordal,  
Herdís Þórðardóttir,  
Karl V. Matthíasson,  
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara,  
Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara,  
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.